

ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS

2023



Fræðslusjóður
Maí / 2024

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS



Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslusjóðs 2023	2
Framkvæmd ársins	2
Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2023:	3
Tölfræði úr starfinu	4
Helstu upplýsingar 2023	5
Ráðgjöf um nám og störf	5
Vottað nám	10
Raunfærnimat	14
Erlendir ríkisborgarar í ráðgjöf, námi og raunfærnimati	17
Ráðgjöf um nám og störf	17
Vottað nám	17
Raunfærnimat	21
Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2023	23
Lokaorð	24



Starfsemi Fræðslusjóðs 2023

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fellur undir verksvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og þar með Fræðslusjóður.

Í þjónustusamningi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er FA falin dagleg umsýsla sjóðsins milli stjórnarfunda. Gildir samningurinn til loka árs 2023.

Hlutverk sjóðsins er að veita fé til náms, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunarverkefna en öll þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslu sbr. áður nefnd lög.

Hlutverk FA gagnvart Fræðslusjóði er að undirbúa og boða stjórnarfundi, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins sinna samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum.

Stjórn sjóðsins fundaði fimm sinnum á árinu og eru fundargerðir stjórnar birtar á vef FA. Ástæða þess að stjórn fundaði ekki oftar á árinu er að skipunartími fráfarandi stjórnar rann út í byrjun árs 2023 og var ekki skipuð ný stjórn fyrr en komið var fram á mitt ár.

Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til kennslu vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum og úthlutunarreglum sjóðsins eiga rétt á framlögum í framangreind verkefni. Hafi þeir ekki fullnýtt framlög sín til kennslu og ráðgjafar í árslok, eða innan 18 mánaða ef um raunfærnimat er að ræða, ber þeim að skila eftirstöðvunum og leggja þau þá við árlegt framlag til sjóðsins næsta ár. Raunfærnimatsverkefni mega taka allt að 18 mánuði, en staða þeirra er gerð upp í lok árs og um mitt ár. Hafi fræðsluaðilar ekki fullnýtt framlagið innan 18 mánaða ber þeim að skila eftirstöðvunum, líkt gildir um kennsluna og ráðgjöfina og leggst það við framlag til sjóðsins næsta ár.

Þar sem ekki var starfandi stjórn á fyrri helmingi ársins var ekki úthlutað til [nýsköpunar- og þróunarverkefna](#) úr Fræðslusjóði á árinu. Einn styrkur var afgreiddur á árinu, sem samþykktur hafði verið árið áður, en bókfærast á árið 2023.

Framkvæmd ársins

Allar upphæðir í milljónum króna

	2023	2022
Vottaðar námskrár - Fræðslusjóður	604.0	511.6
Vottaðar námskrár - <i>Nám er tækifæri</i>	-	103.0
Náms- og starfsráðgjöf	139.6	120.3
Raunfærnimat - Fræðslusjóður	136.6	120.3
Raunfærnimat - <i>Nám er tækifæri</i>	-	0.7
Nýsköpunar- og þróunarverkefni	1.0	27.4
Samtals framkvæmd	881.3	883.3
Framlag á fjárlögum til Fræðslusjóðs	899.4	829.7
Framlag til <i>Nám er tækifæri</i>	0.0	39.7
Vaxtatekjur og óráðstafað fé – Fræðslusjóður	-18.1	2.1
Vaxtatekjur og óráðstafað fé – <i>Nám er tækifæri</i>		11.8
Samtals úthlutað	881.3	883.3



Ráðherra skipar Fræðslusjóði nýu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Félag íslenskra framhaldsskóla tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og velferðarráðuneyti einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, sjá nánar um úthlutunar- og uppgjörreglur í [Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs](#).

Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2023:

Inga Dóra Halldórsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
f.h. ASÍ	Varamenn
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir	Eyrún Björk Valsdóttir
f.h. SA	Varamenn
Heiðrún Björk Gísladóttir	Ólafur Garðar Halldórsson
Hulda Birna Baldursdóttir	Páll Ásgeir Guðmundsson
f.h. BSRB	Varamenn
Karl Rúnar Þórsson	Ragnhildur B. Bolladóttir
f.h. Menntamálaráðuneytis	Varamaður
Gylfi Jónu Arnbjarnarson	Jóhann Þórunn Pálsdóttir
f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis	Varamaður
Margrét Sigurðardóttir	Einar Mar Þórðarson
f.h. Skólameistarafélags Íslands	Varamaður
Helga Kristín Kolbeins	Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Tölfræði úr starfinu

Starfsfólk FA, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Oft leita samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar til FA eftir tölfræðiupplýsingum úr starfinu og við þeim beiðnum er brugðist í hvert sinn. Í mars var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Ýmis tölfræði ársins var kynnt starfsfólki og stjórn í tengslum við stjórnarfundir og aðra fundi, þá hefur verið unnin ýmis tölfræði fyrir undirbúningsvinnu nýrra laga fyrir framhaldsfræðsluna og Grænbók.

Vegna vinnu við endurskoðun laga var unnin sérstök samanburðartölfræði þar sem var skoðað ferðalag einstaklinga milli raunfærnimats og vottaðs náms framhaldsfræðslunnar og þátttöku erlendra ríkisborgara í framhaldsfræðslunni, nánar um það má sjá í greinum í [Gátt](#), vef tímariti framhaldsfræðslunnar.



Á MÆLABORÐI FA Á [ERÆJIS](#) ER BIRTUR STÓR HLUTI TÖLFRÆÐIGAGNA FRÁ UPPHAFI STARFSEMI.

Í ársbyrjun var farið yfir alla þjónustusamninga og samninga um framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, námskrám og raunfærnimati í INNU.


Helstu upplýsingar 2023

Ráðgjöf um nám og störf


Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2023 og til samanburðar eru tölur fyrir árin 2019 – 2022. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar	2019	2020	2021	2022	2023
Mímir-símenntun	23.417.090	21.554.000	22.943.000	24.753.000	26,529,900
Framvegis	6.020.000	4.439.000	4.910.000	7.432.000	9,029,500
Starfsmennt	847.000	539.800	316.200	96.800	368,800
IÐAN	33.361.880	32.167.000	32.454.700	28.585.700	28,439,600
Rafmennt	3.271.400	1.471.000	2.193.000	763.500	1,573,500
Samt. höfuðb.svæðið	66.917.370	60.170.800	62.866.900	61.631.000	65,941,300
Símenntun Vesturlandi	6.700.210	11.652.288	9.358.300	8.274.000	8,903,144
Fræðslumst. Vestfj.	7.274.740	4.598.000	5.154.668	5.136.000	5,930,700
Farskólinn NV-landi	4.175.000	3.769.410	3.903.591	1.388.400	2,906,700
SÍMEY	11.065.510	9.762.276	6.738.388	6.101.400	8,607,448
Þekkingarn. Þingeyinga	9.700.000	6.620.000	7.239.000	9.994.000	11,631,000
Austurbrú	4.058.070	5.091.755	3.954.105	4.041.300	5,562,100
Fræðslunet Suðurlands	9.904.720	8.967.180	5.331.768	8.431.900	9,190,844
Viska Vestmannaeyjum	3.760.000	3.883.000	2.970.100	2.576.200	2,950,000
MSS	12.150.000	13.412.980	10.520.800	11.717.000	16,100,300
Samt. landsbyggðin	68.788.250	67.756.889	55.170.720	57.660.200	71,782,236
Samtals allt	135.705.620	127.927.689	118.037.620	119.291.200	137,723,536

Heildarfjöldi viðtala árið 2023 voru 9444 þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 9429 viðtöl eða 99%. Á næstu mynd má sjá fjölda viðtala síðastliðin fjögur ár eftir fjármagni. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtölin. Fræðslusjóður greiðir því kr. 14.606 fyrir hvert viðtal að meðaltali.




Heildarfjöldi árið 2020 var 8231 viðtöl, 8600 viðtöl árið 2021, 8760 viðtöl árið 2022 og 9444 viðtöl árið 2023. Viðtöl sem fóru fram rafrænt tóku kipp yfir Covid árin og voru 51% viðtala tekin rafrænt árið 2021, árið 2022 dró aðeins úr fjölda þeirra en þau voru 43% af heildarfjölda viðtala og 41% árið 2023. Möguleikinn á að skrá hvernig viðtal fer fram kom inn í skráninguna í INNU um mitt ár 2020.




Eins og sjá má á næstu mynd eykst hlutfall kvenna sem sækja ráðgjafarviðtöl en karlar hafa verið í


meirihluta í tengslum við viðtöl vegna raunfærnimats.




Aldurskipting helst svipuð milli ára eins og sjá má á næstu mynd, en meirihluti ráðþega eru á aldrinum 26 – 35 ára.



Sú menntun sem fólk hefur þegar þau sækja viðtöl breytist lítið milli ára en mikill meirihluti er í markhópi framhaldsfræðslunnar. Aðeins um 12% - 14% þeirra sem sækja viðtöl eru ekki í markhópi framhaldsfræðslunnar, en Fræðslusjóður greiðir fyrir allt að 20% heildarhlutfalls utan markhóps.



Meirihluti fólks í ráðgjöfinni var í starfi við komu í viðtal 2023 eða 64%. Það er athyglisvert að skoða stöðu fólks á vinnumarkaði eftir landshlutum eins og sést á næstu mynd. Þar sést að 85% fólks á Austurlandi eru í vinnu við komu í viðtal, en á Suðurnesjum eru 27% í vinnu, 44% í atvinnuleit og 12% í starfsendurhæfingu. Á Suðurlandi eru 51% í starfi, 7% í atvinnuleit en 32% í starfsendurhæfingu. Á höfuðborgarsvæðinu eru 71% í atvinnu en 4% í atvinnuleit og 14% í starfsendurhæfingu.



Vottað nám

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmd námskráa árin 2019 – 2023 hjá fræðsluaðilum. Með heildarframkvæmd er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjörsreglur sjóðsins.

Eftirfarandi töflur sýna framlag Fræðslusjóðs til vottaðra námskráa árið 2023, fjölda nemenda sem ljúka námi á árinu, meðalkostnað á hvern nemanda og hlutfall þeirra innan heildarsamtaka á vinnumarkaði.


Framkvæmd vottaðra námskráa	2019	2020	2021	2022	2023
Mímir-símenntun	179,153,808	172,061,000	168,048,000	173.206.068	190,421,000
Framvegis	51,754,167	45,815,000	47,601,000	58.824.333	51,645,632
Starfsmennt	0	0	0		0
IÐAN	5,260,000	0	2,024,000	2.024.000	2,112,000
Rafmennt	0	0	0		0
Samt. höfuðb.svæðið	236,167,975	217,876,000	217,673,000	234.054.401	244,178,632
Símenntun Vesturlandi	24,980,000	12,700,000	11,892,154	22.211.000	26,651,574
Fræðslumst. Vestfj.	22,100,000	18,030,000	18,050,000	6.966.000	17,631,750
Farskólinn NV-landi	13,260,000	11,960,000	13,033,000	7.741.639	10,595,211
SÍMEY	69,860,000	65,751,000	69,813,500	73.840.600	78,067,000
Þekkingarn. Þingeyinga	9,600,000	9,238,000	10,632,098	12.997.500	22,346,500
Austurbrú	22,270,000	18,820,000	20,990,491	19.031.648	21,125,368
Fræðslunet Suðurlands	38,180,000	34,606,900	38,986,000	35.882.285	45,365,000
Viska Vestmannaeyjum	13,730,000	10,140,000	2,400,100	3.445.600	10,195,000
MSS	89,440,000	76,823,000	79,079,000	95.428.000	127,890,000
Samt. landsbyggðin	303,420,000	258,068,900	264,876,343	277.544.272	359,867,403
Samtals allt	539,587,975	475,944,900	482,549,343	511.598.673	604,046,035



Alls luku 2261 nemandi námi úr vottuðum námskrám og námsleiðum FA, Fræðslusjóður greiddi fyrir 100% af því á árinu 2023. Eins og sjá má þá er ekki skráð aðild að stéttarfélagið hjá 65% ráðþega, en vegna persónuverndarlaga þurfa þau ekki að svara því.

Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs 2023	Fjöldi	Hlutfall
Fjöldi nemenda - greitt af Fræðslusjóði	2261	100%
Fjöldi nemenda alls	2261	
Samtök á vinnumarkaði	Samtök	Hlutfall
Samtök á vinnumarkaði	ASÍ	31%
	BSRB	4%
	Annað/óskráð	65%
Meðalkostnaður nemenda - greitt af Fræðslusjóði	kr.	267,159

Hlutfall karla og kvenna sem luku námi helst nokkuð jafnt á milli ára, en konur eru jafnan í meirihluta eins og sjá má á eftirfarandi mynd.




Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda einstaklinga sem luku námi út frá fjármögnum hvaða hlut Fræðslusjóður

greiddi og svo aðrir sem hafa fjármagnað vottaðar námskrár hjá fræðsluaðilum árin 2020 – 2023.

Fjöldi einstaklinga sem luku námi eftir miðstöðvum og fjármagni 2020 - 2023												
ÁRTAL	2020			2021			2022			2023		
FJÁRMAGN	Fræðslu sj.	Annað fjárm.	Fjöldi alls	Fræðslu sj.	Annað fjárm.	Fjöldi alls	Fræðslu sj.	Annað fjárm.	Fjöldi alls	Fræðslu sj.	Annað fjárm.	Fjöldi alls
FRÆÐSLUAÐILAR												
Austurbú ses.	122	11	133	79	37	116	112	49	161	107		107
Farskólinn-miðstöð símenntunar	64	8	72	57		57	30	21	51	58		58
Framvegis miðstöð símenntunar	138		138	135	49	184	156	60	216	233		233
Fræðslu/sím.miðst. Vestm.eyja	79		79	14	6	20	24	10	34	68		68
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	126		126	143	34	177	78	15	93	90		90
Fræðslunetið-símenntun ses.	152		152	172		172	123		123	193		193
IDAN-Fræðslusetur ehf.				7	7	14	5		5	6		6
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	253		253	263	379	642	307	199	506	398		398
Mímir-símenntun ehf.	545		545	461		461	491		491	607		607
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	381		381	288	52	340	236	40	276	295		295
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	106		106	57	25	82	136	47	183	132		132
Þekkingarnet Þingeyinga	77		77	48	78	126	48	78	126	74		74
ALLS FJÖLDI	2043	19	2062	1724	667	2391	1746	519	2265	2261	0	2261
HLUTFALL	99%	1%		72%	28%		77%	23%		100%	0%	

Á eftirfarandi súluriti sést að staðnám er aftur að aukast en fjarnám jókst verulega yfir Covid árin. Árið 2019 var um 65% náms kennt í staðnámi, 29% árið 2020, 32% árið 2021 og 52% árið 2022. Árið 2023 er hlutfall staðnáms komið í 60%.

Einnig sést að fjarnám og blandað nám (blanda af fjar- og staðnámi) tók verulegt stökk árin 2020 þar sem það var 44% og 2021 þegar fjarnám og blandað nám var 41%, þetta hlutfall var 37% árið 2021 en 34% árið 2023. Erlendir ríkisborgarar sækja meira í staðnám en blandað nám.





Fræðslusjóður greiddi fyrir alla nemendur sem luku námi árið 2023 eins og fram hefur komið. Árið 2023 voru kenndar 37 mismunandi námskrár og á eftirfarandi mynd má sjá tíu mest sóttu námskrárnar 2023. Þó að flestir einstaklingar sækji Menntastoðir, ber að hafa í huga að aðeins 11% námskráa sem kenndar voru 2023 voru bóknám en 68% voru starfstengdar námskrár.

10 fjölmennustu námskrár og námsleiðir kenndar 2023	
Heiti og lengd námskrár	Fjöldi sem lauk námi
Menntastoðir (1200 klst.nám, 460 klst. í kennslu)	260
Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun (40 klst. nám og kennsla)	216
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk (128 klst. nám, 48 klst. í kennslu)	192
Uppléið (40 klst. nám, 24 klst í kennslu)	152
Stökkpallur (180 klst. nám og kennsla)	138
Atvinnulíf og íslenska (58 klst. nám og kennsla)	103
Skrifstofuskólinn (320 klst. nám, 160 klst. í kennslu)	93
Að lesa og skrifa á íslensku (100 klst. nám, 80 klst. í kennslu)	87
Félagsgætt (1720 klst. nám, 660 klst. í kennslu)	87
Nám í stóriðju - framhaldsnám (500 klst.nám, 385 klst. í kennslu)	83

Menntastoðir eru eina námskráin af þeim 10 mest sóttu árið 2023 sem fellur undir hefðbundið bóklegt nám en aðrar eru starfstengdar eða til uppbyggingar á færni og sjálfseflingu einstaklinga.

Raunfærnimat


Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2023 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2019 – 2022. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Framkvæmd raunfærnimats	2019	2020	2021	2022	2023
Mímir-símenntun	10.464.100	18.523.400	10.987.860	7.784.180	15,559,455
Framvegis	2.962.900	2.730.000	4.227.500	6.203.200	11,919,219
Starfsmennt	181.000				
IÐAN	61.192.000	60.455.150	53.811.140	40.353.640	42,715,821
Rafmennt	5.569.000	7.594.000	7.703.500	6.960.300	5,513,769
Samt. höfuðb.svæðið	80.369.000	89.302.550	76.730.000	61.301.320	75,708,264
Símenntun Vesturlandi	3.323.000	18.972.000	9.190.480	7.377.860	5,849,066
Fræðslumst. Vestfj.	6.858.000	9.937.500	5.408.600	7.189.520	6,116,061
Farskólinn NV-landi	6.797.000	556.5	3.260.500	1.934.400	2,897,730
SÍMEY	19.508.300	10.390.100	4.766.660	10.673.260	10,668,825
Pekkingarn. Þingeyinga	325	2.650.000	1.209.600	3.029.800	5,006,925
Austurbrú	2.742.292	5.158.208	4.467.700	6.502.800	6,072,600
Fræðslunet Suðurlands	7.597.000	16.553.100	3.262.080	13.222.560	10,499,931
Viska Vestmannaeyjum	3.837.300	5.739.200	4.504.980	4.049.160	4,394,913
MSS	6.736.000	3.444.200	3.653.800	5.079.900	9,429,500
Samt. landsbyggðin	57.723.892	73.400.808	39.724.400	59.059.260	60,935,551
Samtals allt	138.092.89	162.703.35	116.454.400	120.360.580	136,643,815
	2	8			

Á árinu 2023 luku 644 einstaklingar raunfærnimati hjá fræðsluaðilum um land allt. Af þeim var raunfærnimat 561 einstaklings greitt af Fræðslusjóði en aðrir greiddu fyrir 83 einstaklinga.

Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati 2020 - 2023				
Eftir fjármagni				
	2020	2021	2022	2023
Fræðslusjóður	573	489	507	561
Greitt af öðrum	65	91	60	83
ALLS	638	580	567	644

Á næstu mynd sést hvernig þessi fjöldi skiptist eftir flokkum raunfærnimats, miðað við alla sem luku raunfærnimati árin 2020 - 2023. Fjöldi einstaklinga sem luku raunfærnimati í starfsnámi heldur áfram aukast eins og undanfarin ár og var 46% þess raunfærnimats sem framkvæmt var árið 2023. Hætt var að raunfærnimeta í almennum bóklegum greinum á árinu 2023.




Nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats 2023 sýnir að konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í starfsnámi og á móti viðmiðum starfa í atvinnulífinu, en karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati í iðngreinum eins og fyrri ár. Meðalaldur þeirra sem sækja raunfærnimat almennt eru tæp 38 ár en meðalkostnaður á hvern einstakling er krónur 243.572 árið 2023 af framlagi Fræðslusjóðs.

Tölfræði raunfærnimats 2023

	Fjöldi	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar	Meðalaldur
Starfsnámsbrautir	296	44,94	13.259	76%	24%	39,6 ár
Löggildar iðngreinar	209	67,33	14.074	6%	94%	35,6 ár
Viðmið atvinnulífsins	139	15,14	1.318	56%	44%	36,7 ár
Samtölur	644	45,65	22.508	49%	51%	37,7 ár



Einstaklingar sem hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eru í miklum meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati árið 2023 eins og fyrri ár, næstur er fjöldi þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskóla og svo þeirra sem hafa lokið tveggja ára eða styttri starfsmenntun. Þetta sést á næstu mynd.



Á árinu 2023 fóru flestir einstaklingar í gegnum raunfærnimat á sjúkraliðabraut og næst flestir í húsasmíði en eftirfarandi tafla sýnir 10 fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2023

Tíu fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2023


Grein	Fjöldi
Sjúkraliðabraut	65
Húsasmíði	58
Félagliði	56
Almenn starfshæfni	54
Leikskólaliði	43
Stuðningsfulltrúi	32
Verslun og þjónusta	32
Rafvirkjun	30
Sundlaugavörður	30
Skipstjórn	29

Erlendir ríkisborgarar í ráðgjöf, námi og raunfærnimati


Einstaklingum með erlent ríkisfang hefur fjölgað verulega undanfarin ár í hópi þeirra sem sækja ráðgjöf, vottað nám og raunfærnimat. Árið 2023 voru 26% þeirra sem sóttu viðtöl um nám og störf með erlent ríkisfang, 49% þeirra sem sóttu nám og 12% þeirra sem luku raunfærnimati.

Ráðgjöf um nám og störf

Fólki með annað ríkisfang en íslenskt fer fjlgandi í ráðgjöf eins og öðrum verkfærum framhaldsfræðslunnar hjá símenntunarmiðstöðvum, en árið 2023 voru 26% viðtala við einstaklinga með með erlent ríkisfang.




Eins og sjá má á næstu mynd eru hlutfallslega flestir sem fara í ráðgjöf með erlent ríkisfang á Vestfjörðum, Vesturlandi og Suðurnesjum árið 2023.




Vottað nám


Þeir einstaklingar sem eru með erlent ríkisfang hefur fjölgað verulega í hópi þeirra sem sækja vottað nám hjá símenntunarmiðstöðvunum og voru þeir 49% allra sem luku námi 2023. Árið 2020 var þetta hlutfall 25%, 31% árið 2021, 32% árið 2022 og 49% árið 2023.




Eins og sjá má á næstu mynd skiptist fjöldi einstaklinga með annað ríkisfang en íslenskt árið 2023 í að 14% voru frá Póllandi, 6% frá Úkraínu, 5 % frá Venesúela og 23 % frá öðrum löndum.



Á næstu mynd má sjá skiptingu eftir ríkisfangi árin 2017 – 2023.




Á næstu mynd má sjá að hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara er misjafnt á milli fræðsluaðila árið 2023. Þannig eru íslenskir ríkisborgarar í miklum meirihluta þeirra sem sóttu vottað nám hjá Fræðsluneti Suðurlands, Austurbrú og Þekkingarneti Þingeyinga. Hluttur íslenskra ríkisborgara er í við hærri en erlendra hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða (FRMST), Farskólanum og SÍMEY en hjá Mími, MSS og Símenntunarmiðstöð Vesturlands er hluttur erlendra ríkisborgara hins vegar nokkuð hærri en þeirra íslensku.
 (* Á myndinni er tekið saman einstaklingar sem eru skráðir í fleiri en eina námskrá og því eru prósentutölur í næstu mynd byggðar á fjölda skráninga en ekki fjölda einstaklinga)



Næsta mynd sýnir að 47% þeirra sem eru með úkraínsk, 39% þeirra sem eru með annað, 22% sem eru frá

Venesúela, 13% sem eru með pólskt og 1% sem eru með íslenskt ríkisfang sóttu nám sem er sérniðið fyrir fólk með erlendan bakgrunn (íslenskunám og nám um íslenskt samfélag). Myndin sýnir líka að hlutfallslega margir pólskir ríkisborgarar sóttu starfsnám, eða 56% á móti 23% - 35% hjá öðrum þjóðernum og að hlutfallslega fleiri íslenskri ríkisborgarar sóttu bóknám eða 21%.

(* Hluti einstaklinga var skráður í fleiri en eina námskráð. Prósentutölur byggja á fjölda skráninga, ekki fjölda einstaklinga.)




Brúarnám er starfstengdar námskrár með ákveðin námslok, nám stuðningsfulltrúa, félagsliði og leikskólaliði eru dæmi um brúarnám. Starfstengdar námskrár snúast um verkunnáttu eða sérhæfingu innan ákveðinnar starfsgreinar, Smiðjur eru tómstundanám þar sem nemar kynnast fjölbreyttum vinnuaðferðum sem reynir á samþættingu huga og handar. Sjálfstyrkingarnám beinist að því að efla einstaklinga í námi, starfi og eigin lífi og námskrár og námsleiðir sem er sérstaklega eða aðallega hugsað fyrir innflytjendur snúast að mestu um að kynnast íslensku samfélagi, íslenskri tungu og vinnumarkaði. Nánari upplýsingar um námskrár má finna á vef FA hér.

Raunfærnimat

Fjöldi erlendra ríkisborgara sem ljúka raunfærnimati fer einnig fjölgandi eins og í ráðgjöf og vottuðu námi. Einstaklingar með erlent ríkisfang hafa verið á milli 9% og 12% af heildarfjölda síðastliðin ár miðað við alla sem luku raunfærnimat, bæði þá sem greitt er fyrir af Fræðslusjóði og öðrum.




Næsta mynd sýnir að hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara meðal þeirra fræðsluaðila sem framkvæmdu raunfærnimat á árinu 2023. Þar kemur fram að hlutur íslenskra ríkisborgara er í öllum tilfellum mun meiri en erlendra ríkisborgara þó það sé aðeins mismunandi eftir miðstöðvum. Þannig er hlutfall íslenskra ríkisborgara 58% hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en er 100% hjá Austurbrú og Visku. Myndin varpar einnig ljósi á að hlutfall Pólverja er langhæst hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, eða 42% en er á bilinu 16%-0% hjá öðrum miðstöðvum. (*Á myndinni er teknir saman einstaklingar sem eru skráðir í fleiri en eitt raunfærnimat og því eru prósentutölur í næstu mynd byggðar á fjölda skráninga en ekki fjölda einstaklinga)



Ef skoðað er raunfærnimat á árabílinu 2017 – 2023 kemur í ljós að árið 2017 voru 4,7% þeirra sem luku raunfærnimati með erlent ríkisfang en árið 2023 var þessi hópur 12% þeirra sem luku raunfærnimati. Yfir Covid tímabilið fækkaði í hópi erlendra ríkisborgara sem luku raunfærnimati en sá hópur stækkaði aftur árin 2022 og 2023.

Meirihluti þeirra erlendu ríkisborgara sem luku raunfærnimati þessi ár eru frá Póllandi eða 6,4% af heildarfjölda árið 2023. Þetta kemur fram á næstu mynd.





Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2023

Þar sem ekki var starfandi stjórn á fyrri helmingi ársins var ekki úthlutað til nýsköpunar- og þróunarverkefna úr Fræðslusjóði á árinu. Einn styrkur var afgreiddur á árinu, sem samþykktur hafði verið árið áður, en bókfærast á árið 2023.

Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA

Lokaorð

Framlag til Fræðslusjóðs var 899.4 milljónir árið 2023 sem var hækkun um 69,7 milljónir eða 8,4% frá árinu 2022. Framkvæmd verkefna sem Fræðslusjóður fjármagnar var alls 878,4 milljónir á árinu 2023.

Alls luku 2261 einstaklingar námi hjá samstarfsaðilum sjóðsins á árinu sem er rúmlega 30% aukning frá árinu á undan þegar 1728 einstaklingar luku námi. Athygli vekur að erlendi hópurinn hefur vaxið mjög undanfarin ár og sérstaklega á árinu 2023 og er að nálgast að vera helmingur (49%) þeirra sem ljúka námi í vottuðum námskrám.

Ráðgjafarviðtölum fjölgaði um 8,7% frá árinu 2022 og voru 9.444 árið 2023 samanborið við 8.671 árið 2022.

Erlendir ríkisborgarar eru rúmur fjórðungur a og er það svipað hlutfall og árið á undan.

Nokkur fjölgun varð í raunfærnimati milli ára. Árið 2023 luku alls 644 einstaklingar raunfærnimati 2023 miðað við 567 árið 2022. Er þetta fjölgun um rúm 14% milli ára.

Einstaklingum sem Fræðslusjóður greiðir fyrir hefur fjölgað frá árinu 2022 úr 507 í 561 eða um 10,7% og þeim sem greitt er fyrir af öðrum fjölgaði úr 60 árið 2022 í 83 árið 2023 eða um rúm 38%.

Langflestir ljúka raunfærnimati af starfsnámi, eða um 46% allra, þar á eftir koma iðngreinarnar með um 32% þeirra sem ljúka raunfærnimati, um 22% fá mat á mótí viðmiðum atvinnulífsins.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.